

Nefndasvið Alþingis

25. nóvember 2020

Efni: Umsögn Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar mál nr. 39, 151. lögjafarþing.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur síðan árið 2002 verið formlega rekin læknisfræðileg þjónusta við fastvængja sjúkraflugvélar sem staðsettar eru á Akureyri. Undanfarin ár hafa verið farin milli um 800 sjúkraflug á hverju ári með misveika sjúklinga en í um 45-50% tilfella er læknir með í för sem þýðir að bráðleikinn sé með þeim hætti að hætta sé á að eitthvað geti komið upp í sjúkrafluginu sem þarfnast læknisfræðilegra inngripa. Í sumum tilfellum er um mjög alvarlega veikt fólk að ræða og einnig er verið að flytja fólk eftir alvarleg slys.

Það er öllum ljóst sem starfa við sjúkraflutninga að flutningstíminn er eitt af því sem er afgerandi varðandi hvernig sjúklingi farnast. Þetta þýðir að því lengri tíma sem tekur að flytja bráðveika eða slasaða sjúklinga í það viðbragð sem er í samræmi við þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda, því meiri lýkur eru á lakari útkomu.

Íslendingar hafa borið þá gæfu að vera með flugvöll í námunda við Landspítalann sem er aðalsjúkrahús landsins og þar eru einnig starfseiningar svo sem heila- og taugaskurðlækningar, hjartaskurðlækningar og vökudeild sem eru einungis staðsettar á Landspítala.

Þetta þýðir að fólk sem býr í dreifðari byggðum þar sem oft tekur tíma að komast á flugvöll eða af slysstað á flugvöll, þá bætist ekki við langur flutningstími frá flugvelli í Reykjavík á sjúkrahús. Það er því í raun og veru rökleysa að halda því fram að þar sem tíminn sem fer í að koma sjúklingi í hinum dreifðari byggðum í sjúkraflugvél að hann sé það langur að það skipti ekki máli þótt að flutningstíminn frá flugvelli til Landspítalans sé líka langur.

Sjúkrahúsið á Akureyri fer fram á að Reykjavíkurlflugvelli í Vatnsmýrinni verði ekki lokað nema annað jafngott úrræði komi til varðandi flutningstíma og aðstæður fyrir sjúkraflug með fastvængjaflugvélum.

Fyrir hönd Sjúkrahússins á Akureyri

Bjarni Jónasson, forstjóri